

Nd.

662. Breytingartillaga

við frv. til laga um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Við 12. gr. Á eftir 12. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að veita einstaklingum og félögum lán eða styrk, til þess að gera þeim kleift að koma upp tækjum til þess að verka fisk og aðrar sjávarafurðir með nýjum aðferðum, svo sem herðingu, hraðfrystingu o. fl., svo og til þess að gera tilraunir með útflutning og sölu sjávarafurða á nýja markaðsstaði, enda leggi þá markaðs- og verðjöfnunarsjóður einnig fram fé í sama skyni.

Fiskimálanefnd sér um veitingu lána og styrkja samkvæmt 1. málsgrein eftir reglum, sem ríkisstjórn setur, að fengnum tillögum fiskimálanefndar, og mega lánin vera vaxtalaus um ákveðið árabil.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt að 1 milljón króna samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, og heimilast henni að taka þá upphæð að láni, eða jafngildi hennar í erlendri mynt.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.